

## AUGLÝSING

### um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar.

#### 1. gr.

##### *Ákvörðun og markmið.*

Með vísan til 2. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997 hefur heilbrigðisráðherra ákveðið, að fenginni tillögu sóttvarnalæknis og í samráði við mennta- og menningarmálaráðherra, að takmarka skólastarf tímabundið eftir því sem hér greinir.

Markmiðið með takmörkun skólastarfs er að hægja eins og unnt er á útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins.

#### 2. gr.

##### *Gildissvið.*

Takmörkun á skólastarfi tekur gildi 16. mars 2020 kl. 00.01 og gildir til 12. apríl 2020 kl. 23.59. Yfirvöld endurmeta þörf á takmörkun skólastarfs eftir því sem efni standa til, þ.e. hvort unnt sé að aflétta henni fyrir eða hvort þörf sé á að framlengja gildistímamann.

Takmörkun á skólastarfi tekur til leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla, hvort sem um er að ræða opinbera eða einkarekna skóla. Þá tekur ákvörðunin jafnframt til annarra menntastofnana, frístundaheimila, félagsmiðstöðva og íþróttastarfs og gilda um það sömu reglur og um viðkomandi skólastig.

#### 3. gr.

##### *Leikskólar.*

Leikskólum er heimilt, samkvæmt nánari ákvörðun sveitarfélaga, að halda uppi leikskólastarfi að þeim skilyrðum uppfylltum að börn séu í sem minnstum hópum og aðskilin eins og kostur er. Jafnframt skulu gerðar ráðstafanir til að þrifa eða sótthreinsa byggingar eftir hvern dag.

#### 4. gr.

##### *Grunnskólar.*

Grunnskólum er heimilt, samkvæmt nánari ákvörðun sveitarfélaga, að halda uppi skólastarfi í skólabyggingum að þeim skilyrðum uppfylltum að ekki séu fleiri en 20 nemendur í kennslu í sömu stofu og að nemendur blandist ekki milli hópa, s.s. í mótuneyti eða frímínútum. Jafnframt skulu gerðar ráðstafanir til að þrifa eða sótthreinsa byggingar eftir hvern dag.

#### 5. gr.

##### *Framhaldsskólar og háskólar.*

Framhalds- og háskólum skal lokað. Fjarkennslu skal sinnt eftir því sem unnt er og samkvæmt nánari ákvörðun menntamálayfirvalda.

#### 6. gr.

##### *Undanþágur.*

Heilbrigðisráðherra getur veitt undanþágu frá takmörkun skólastarfs ef ekki er talin hætta á að slíkt fari gegn markmiðum opinberra sóttvarnaráðstafana.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 13. mars 2020.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

*Ásta Valdimarsdóttir.*